

18 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Slysa- og sjúkrasjóð lögreglufélags
21. febr. Reykjavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21.
febr. 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Slysa- og sjúkrasjóð lögreglufélags Reykjavíkur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Slysa- og sjúkrasjóður lögreglufélags Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1957. Stofnfé sjóðsins er:

1. Kr. 1000.00, sem er gjöf frá Prentsmiðjunni Gutenberg, gefin sem þakklætisvottur fyrir rösklega framgöngu lögreglumanna við björgunar- og slökkvistarf, þegar kviknaði í prentsmiðjunni þann 2. ágúst 1944.
2. Kr. 10000.00, sem er gjöf frá Reykjavíkurbæ á 20 ára afmæli lögreglufélags Reykjavíkur og gefin til stofnunar slíks sjóðs.

3. gr.

Sjóðurinn er eign lögreglufélags Reykjavíkur, en er undanþeginn öllum fjárhags-skuldbindingum félagsins. Sjóðurinn skal ávaxtaður í Landsbanka Íslands eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Skrifstofustjóri lögreglustjóraembættisins í Reykjavík skal annast reikningshald sjóðsins. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum lögreglufélags Reykjavíkur og lagðir fram, ásamt ársskýrslu, til samþykktar á aðalfundi ár hvert. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

4. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með vöxtum af höfuðstól og árlegu tillagi lögreglufélags Reykjavíkur, sem miðað sé við tiltekna upphæð fyrir hvern félagsmann og skal sú upphæð ákveðin á aðalfundi lögreglufélagsins ár hvert. Tillag lögreglufélagsins skal greitt sjóðnum eigi síðan en 1. des. ár hvert. Enn fremur skal tekna aflað með gjöfum og á hvern annan hátt, sem stjórn sjóðsins telur henta.

5. gr.

Tilgangur með stofnun sjóðsins er að styrkja þá félagsmenn í lögreglufélagi Reykjavíkur, sem verða fyrir slysum og sjúkdómum. Styrk úr sjóðnum má einnig veita vegna slysa og sjúkdóma, sem makar félagsmanna og börn innan 16 ára verða fyrir.

Þeir skulu sitja fyrir um styrk, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, vegna þess að ekki er unnt að fá jafngóða læknishjálp hér á landi. Við veitingu styrks skal taka tillit til efnahags styrkbeiðanda og annarra ástæðna.

6. gr.

Engan styrk má veita úr sjóðnum, fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 25000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Eftir það má árlega veita úr sjóðnum allt að helmingi tekna hans næsta ár á undan. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 100000.00

— eitt hundrað þúsund krónur — má árlega veita úr honum allar tekjur næsta árs 18 á undan. Óráðstafað styrkveitingafé leggist árlega við höfuðstólinn. 21. febr.
Höfuðstólinn má aldrei skerða.

7. gr.

Stjórn lögreglufélags Reykjavíkur annast stjórn sjóðsins, sér um ávöxtun hans og aðra tekjuöflun og veitir styrki úr honum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

19

um heimilishjálp í Mosfellshreppi.

26. febr.

1. gr.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar í Mosfellshreppi er í höndum konu með þekkingu á heimilisstörfum, er hreppsnefnd skipar. Hún á rétt á að sitja fundi hreppsnefndar þegar rædd eru mál, sem varða heimilishjálpinna, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundar sakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum sökum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á hennar vegum séu hæfar til starfsins, hafi t. a. m. lokið tilskyldu námskeiði eða sýnt hæfni í verki og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómum.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ályktun hreppsnefndar.

Hjálparkona skal fá laun sín greidd að nokkru leyti á þeim heimilum sem hún aðstoðar og að nokkru leyti úr hreppssjóði.

4. gr.

Heimili, sem óska eftir aðstoð, skulu snúa sér til forstöðukonu heimilishjálparinnar, og ber þeim að öllu leyti að fara eftir þeim reglum, sem hreppsnefnd setur um heimilishjálp.

5. gr.

Hjálparkona skal fá ókeypis fæði og gistingu á heimili því, sem hún aðstoðar, og einnig ber heimilum að greiða henni kr. 50.00 — fimmtíu krónur — fyrir hvern vinnudag. Þó getur hreppsnefnd í sérstökum tilfellum veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum forstöðukonunnar, og skal þá hjálparkona fá þann mismun greiddan úr hreppssjóði.